

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 24. febrúar 2021 vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Snorrabraut 54.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Snorrabraut 54, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu þriðjudaginn 2. mars nk. Tillagan er í kynningu frá 2. mars 2021 til og með 13. apríl 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/snorrabraut-54-1>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Snorrabraut 54

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. febrúar 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. febrúar 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreiðs vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að lóð nr. 54 við Snorrabraut er stækkuð um 102 m² og lóð nr. 45A við Barónsstíg (Sundhöll Reykjavíkur) er minnkuð samsvarandi. Fyrirkomulag bílastæða á lóð Sundhallar breytist og bílastæðum fækkar lítillega. Einnig er gerð minni háttar breyting á byggingarreit Snorrabrautar 54 og byggingarmagni (aðallega neðanjarðar). Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **2. mars 2021 til og með 13. apríl 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 13. apríl 2021.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is